

## 5. gr.

Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og hirtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Íðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

27. desember 1973.

Nr. 386.

**REGLUGERÐ**

**fyrir Hitaveitu Hvammstanga.**

## 1. gr.

**Gildissvið.**

Reglugerð þessi gildir í lögsagnarumdæmi Hvammstangahrepps.

## 2. gr.

**Stjórn hitaveitunnar.**

Hreppsnefnd Hvammstanga fer með stjórn hitaveitunnar. Hreppsnefnd er heimilt að skipa hitaveitustjóra, er annist daglegan rekstur hitaveitunnar, en hreppsnefnd skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, fer sveitarstjóri Hvammstanga með störf hitaveitustjóra.

## 3. gr.

**Einkaleyfi hitaveitu.**

Hitaveita Hvammstanga hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast dreifingu og sölu á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

## 4. gr.

**Dreifikerfi.**

Hreppsnefnd lætur leggja allt dreifikerfi hitaveitunnar utanhúss og inn fyrir húsvegg, enn fremur stofnleiðslu þaðan inn fyrir rennslíshemil og telst dreifikerfi hitaveitunnar ná þangað, og vera eign hitaveitunnar.

## 5. gr.

**Viðhaldsskylda.**

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfinu. Notanda er óheimilt að torvelda á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfinu og má m. a. ekki hylja það innanhúss.

## 6. gr.

Þeim, sem á húseign við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá hreppsnefnd ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

## 7. gr.

Notandinn skal sjá um að leiða hitaveituvatnið frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þannig heitara en 50°C til að hlífa holræsalögnum við miklum hitaspennum.

## 8. gr.

**Varmanotkun.**

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hreppsnefndar.

## 9. gr.

Hitaveitan ákveður hámark varmaafis til notenda. Henni er heimilt að minnka það eða loka fyrir um stundarsakir, telji hún það nauðsynlegt vegna viðgerða, tenginga eða annars.

## 10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn, getur hitaveitustjóri leyft notkun þess til upphitunar á geymslu, bilskúr, gróðurhúsi eða öðrum slíkum húsa-kynnum. Hitaveitustjóri getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

## 11. gr.

**Ábyrgð hitaveitu.**

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks. Hitaveitan er ekki heldur bótaskyld vegna tjóns á mönnum eða eignum frá hita, lögnum innanhúss, enda ber notanda að hafa öryggisventil á hitakerfi sínu.

## 12. gr.

**Umsóknir.**

Þeir, sem óska eftir að gerast notendur hitaveitunnar, skulu sækja skriflega um það til hreppsnefndar.

Enn fremur skal húseigandi, sem ætlar að leggja hitakerfi í hús sitt eða breyta eldra kerfi, senda umsókn um það til hitaveitustjóra. Umsókn skal rita á þar til gert eyðublað, sem hitaveitustjóri lætur í té, og skal hún undirrituð af húseiganda eða fullgildum umboðsmanni hans.

Umsókn skal fylgja uppdráttur í tveim eintökum af hitakerfi því, sem tengja skal hitaveitunni. Uppdrátturinn skal vera á blaði af íslenskri staðalstærð. Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt umsókn, skal hann árita bæði eintök uppdráttanna. Annað varðveitir hann í skjalasafni hreppsins, en hitt afhendist umsækjanda. Samþykkt hitaveitustjóra fellir enga ábyrgð á hann varðandi hæfi hitakerfisins.

## 13 gr.

**Eftirlit.**

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan-  
húss og utan meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa  
verið viðurkenndar af eftirlitsmanni.

## 14 gr.

**Viðurlög.**

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing  
liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-  
berra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps,  
staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar  
gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Hvammstanga.****I. KAFLI**

## 1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð  
hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá að-  
færsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir  
Hitaveitu Hvammstanga staðfestri 27. desember 1973.

## 2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar  
hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar húss-  
ins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunar-  
kerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn  
er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hita-  
veitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta  
álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

## 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, eru um  
getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið,  
sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði  
einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við  
hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orku-  
notkun verði minni hluta úr ári.